


VEGAGERÐIN  
Miðstöð

Mótt. 21. FEB. 2020



Vegagerðin  
Bergþóra Þorkelsdóttir, vegamálastjóri  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 17. febrúar 2020  
Tilv.: SRN19120018/3.18.1

Í kjölfar skýrslu starfshóps ríkisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um Sundabraut sem skilað var í júlí sl. liggur fyrir að frekari greiningarvinna þarf að fara fram á þeim valkostum sem eftir standa við þverun Kleppsvíkur, þ.e. lágbrú og jarðgöngum, áður en hægt verður að taka ákvörðun um legu Sundabrautar frá Sæbraut að Vesturlandsvegi í Kollafirði. Ráðuneytið hyggst fela starfshópi þessa greiningarvinnu með það að markmiði að við lok ágúst 2020 liggi fyrir nauðsynlegar upplýsingar til ákvörðunartöku.

Um nánara fyrirkomulag framangreinds verkefnis og skipan starfshópsins vísast til meðfylgjandi verkefnisáætlunar. Ráðuneytið felur hér með Vegagerðinni að óska eftir tilnefningum í starfshópinn og leiða vinnu hans. Er þess óskað að skýrsla starfshópsins berist ráðherra eigi síðar en 31. ágúst nk.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ragnhildur Hjaltadóttir

  
Sigurbergur Björnsson